Sþ. **143. Tillaga til þingsályktunar** [85. mál]

um sjálfvirka símstöð í Vestmannaeyjum.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta landssímann koma upp sjálfvirkri símstöð í Vestmannaeyjum hið fyrsta er verða má.

Greinargerð.

Þegar nýja landssímahúsið var byggt fyrir um það bil 7 árum, var þá þegar gert ráð fyrir sjálfvirkri símaþjónustu, enda gert ráð fyrir sérstöku rúmi í húsbyggingunni til þess.

Bæjarstjórnin telur óviðunandi, hve lengi hefur dregizt að koma þessu máli í framkvæmd, og telur rétt og sjálfsagt, að leitað sé aðstoðar Alþingis til úrbóta í þessu efni.